



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Mennta- og barnamálaráðherra
Ásmundur Einar Daðason
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. október 2023

Efni: Frá Ráðgjafarhóp umboðsmanns barna – fræðsla um málefni jaðarsettra hópa

Sæll Ásmundur

Á barnaþingi 2022 kom það mjög skýrt fram að börnum á Íslandi finnst vera mikil þörf á fræðslu um málefni jaðarsettra hópa.

Það skiptir miklu máli að til þess að koma í veg fyrir fáfræði, sem síðar leiðir að fordómum, sé góð fræðsla til staðar. Við teljum fræðslu afar mikilvæga og þarfa í nútímasamfélaginu sem við búum í.

Við viljum að tekið sé mið af skoðunum jaðarsettra hópa og þau sem hafa þekkingu og eru sérfræðingar í þeim málefnum hverju sinni sjái um fræðsluna.

Svona fræðsla getur reynst nokkuð viðkvæm og því þarf að koma rétt að henni.

Oft á tíðum þegar þessi fræðsla er yfir höfuð til staðar er það í höndum kennara að sjá um hana í stað fólks sem hefur reynslu og þekkingu á þessu sviði.

Fræðslan þarf að vera í takt við tíðarandann hverju sinni og vera breytileg eftir því sem er að gerast í samfélaginu.

Við viljum því að ríkisstjórn setji aukið fé sem er eyrnamerkt í að kaupa fræðslu frá fagaðilum fyrir alla skóla á landinu.

Einnig hvetjum við til þess að aukið fé sé sett í að efla endurmenntun kennara og þeir gerðir meðvitaðir um hvernig best sé að háttá fræðslu um jaðarsetta hópa.

Bestu kveðjur,
Ráðgjafahópur umboðsmanns barna

Aldís, Bryn, Fannar Logi, Dagur, Indriði Nökkvi, Júlíana, Kolbrún Elvi, Magnþóra, París Anna, Pat, Sigtryggur, Stef og Þórey María.